

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2001

frá 19. júní 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2001 frá 31. janúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2338/2000 frá 20. október 2000 um breytingar á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2535/2000 frá 17. nóvember 2000 um breytingar á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 R 2338:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2338/2000 frá 20. október 2000 (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 21),
- **32000 R 2535:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2535/2000 frá 17. nóvember 2000 (Stjtið. EB L 291, 18.11.2000, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 66, 8.3.2001, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 291, 18.11.2000, bls. 9.

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2338/2000 og 2535/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.